



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

59. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu 11. maí 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Guðlaugur Guðmundsson (úr Vogum), Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari nefndarinnar. Þetta var tekið fyrir:

1. Skólaslit á vorönn. Þau hafa verið ákveðin 23. maí og fara fram annaðhvort í íþróttahúsinu í Keflavík eða Keflavíkirkirkju. Áformað er að hinn nýi skólakór syngi, en athöfnin verði í flestum greinum í hefðbundnu formi. Íþróttakennarar skólans: Anna Lea Björnsdóttir og Guðni Kjartansson annast undirbúning.
2. Kennararáðningar. Sent hefur verið bréf til menntamálaráðuneytisins, dagsett 7. apríl s.l. Þar er þess óskað að endurráðnir verði þeir kennarar sem störfuðu við skólann s.l. vetur og búsettir eru á Suðurnesjasvæðinu. Samþykkt var að mæla með því að ráðinn verði í fullt starf Helgi Eiríksson. Hann hefur verið stundakennari í hálfu starfi, búsettur í Reykjavík, en er nú að flytjast hingað suður. Kennara vantar í hálf starf í tungumálum, 1-2 kennara í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði og einn kennara á vélstjórnarbraut. Samþykkt var að auglýsa þessar stöður. Upplýst var að auglýsa þurfi stöður kennara sem ráðnir hafa verið án auglýsingar.
3. Verklegar framkvæmdir í sumar. Rætt var um nauðsynlegar byggingaframkvæmdir í sumar: hönnun og innréttingu verknamshúss og framhald á breytingu á aðalhúsi sem ákveðnar hafa verið en ekki framkvæmdar. Skólameistari las lista yfir það sem gera þarf við Sunnubraut. Heilbrigðisfulltrúi hefur krafist þess að sálerni verði fullgerð fyrir 1. september n.k., gera þarf við leka á þaki sem nokkrum skemmdum olli í óveðrinu 16. febrúar s.l., gera þarf við skemmdir sem urðu við smávægilegan bruna innanhúss í maímánuði s.l. og skipta þarf um gólfteppi á göngum fyrstu hæðar. Þau eru ónýtt. Skólameistari taldi æskilegt að fullgera einnig kennarastofu og ljúka breytingum á skrifstofu, en það mætti fremur bíða.

Skólameistari upplýsti að Gestur Einarsson, Rekstrarstofunni, Kópavogi, hafi að mestu lokið álitserð um fyrirkomulag í verknámshúsinu. Unnt virðist að tvískipta megi húsinu þannig að í öðrum helmingi verði tréiðnabraut, en kennsluaðstaða fyrir málm-iðnabraut, rafiðnabraut og 1. stig vélstjórnarnáms í hinum. Reynist svo þarf ekki að reisa nýbyggingar á lóðinni næstu ár nema nýjar brautir taki til starfa, en ekkert bendir til þess að svo verði á sviði verknáms. Unnið er að kostnaðaráætlun vegna innréttinga og óhjákvæmilegra tækjakaupa. Samþykkt var að leita auk aukafjárveitingar vegna þessa.

Valtýr upplýsti að stofn- og viðhaldskostnaður frá áramótum til dagsins í dag væri: vegna aðalhúss um 50.000, vegna verknámshúss um kr. 120.000 og vegna tækjakaupa á tréiðnabraut og eðlisfræðabraut kr. 350.000.

4. Valtýr lagði fram og skýrði ársreikninga skólans fyrir árið 1980, en þeir voru að þessu sinni fullbúnir 28. febrúar s.l. Rekstrarkostnaður, annar en kennaralaun nam kr. 141.044.896, og fór hann 11.2% fram úr áætlun skólanefndarinnar. Fjárfesting vegna Sunnubrautarhúss nam kr. 38.869.003, til Iðavallahúss kr. 76.648.658 og til áhaldakaupa kr. 20.905.891.- Allar upphæðir á ársreikningi eru skráðar í gömlum krónum. Skólanefndin samþykkti reikningana. Reikningarnir voru afhentir fulltrúum menntamálaráðuneytisins strax og þeir og fuugerðir og hafa auk þess verið sendir bæjar- og sveitarstjórum.

5. Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 1982. Niðurstöðutölur eru kr. 3.423.500. Samþykkt var að fela Gunnari Sveinssyni, Jóni Hólmgeirssyni og Valtý Guðjónssyni að ganga frá áætluninni í samráði við skólameistara.

6. Tilkynningar.

- a) Skólameistari skýrði frá því að brunaeftirlitið krefðist betri búnaðar í skólahúsunum.
- b) Skólameistari upplýsti að fullgreidd væri samningsbundin útborgun verknámshúss, en fyrsta greiðsla af fjórum vegna skuldabréfs gjaldfélli 1. ágúst.
- c) Skólameistari skýrði frá Bandaríkjaför Baldurs Pálssonar á vegum FS, Iðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans á Akranesi. Fundu þeir Þorvaldur Gunnlaugsson- sem fór á vegum Reiknistofnunar Háskólans og menntamálaráðuneytisins- heppileg tölvukerfi fyrir fjölbrautaskóla. Tölvumálin verða rædd á skólameistarafundi 18. maí n.k.

Fleina var ekki gent. Fundi slitið.